

Skýrslur

SAGA3.1 Afgr: Viðskiptayfirlit

Saga 2020.1

Komin er ný skýrsla, „SAGA3.1 Afgr: Viðskiptayfirlit“, sem gefur yfirlit yfir reikninga fyrir einstaklinga sem komu á ákveðnu tímabili. Hægt er að velja ákveðna viðskiptaaðila ef aðrir en einstaklingarnir sjálfir sjá um greiðslu reikninga eða fókusa eingöngu á skuldir og uppgerða reikninga.

Skýrslan sýnir reikningsstöðu á eftirfarandi hátt eftir því hvað valið er í breytuglugga:

1. Yfirlit yfir alla reikninga fyrir komur á ákveðnu tímabili, óháð því hvort hafi verið skuldfært eða ekki og fram kemur ef búið er að greiða reikninginn með vísun í upphaflegt reikningsnúmer. Uppgjörsnúmer kemur einnig fram (0 ef reikningur er ekki kominn í uppgjör).
2. Hægt er að einskorða við annaðhvort ákveðið fyrirtæki eða „skuldfært á okkur sjálf“.
3. Hægt er að setja inn kennitölu ákveðins einstaklings. (Hægt að velja með lið b.)
4. Hægt er að haka við að eingöngu sé sótt yfirlit yfir uppgerða reikninga og útistandandi skuldir út frá breytunum sem lýst er hér að ofan.

SAGA3.1 Afgr: Viðskiptayfirlit

Tímabil: ...

Stofnun:

Afgreiðsludeild:

Kennitala:

* Skuldfært á fyrirtæki:

* Skuldfært á okkur:

Útistandandi og uppgert eingöngu: ↔ Svifexti ef mús er rennt yfir kassa.

Ef notandi velur eitthvað í reitnum „Skuldfært á viðskiptavin“ þá er enginn munur á því hvort hakað sé í þennan reit eða ekki, þar sem ekki er hægt að skuldfæra á viðskiptavin án þess að það verði til R-reikningur. Það sem gerist þegar hakað er í reitinn þá **birtast ekki** reikningar sem eru strax gerðir upp, þ.e.a.s. eingöngu verður til S-kvittun.

Hægt er að sjá þetta með því að taka út yfirlit fyrir einn dag og hvorki velja „Skuldfært á fyrirtæki“ né „Skuldfært á okkur“. Þá fæst yfirlit yfir alla reikninga sem gerðir voru þann daginn, sama hvort þeir voru greiddir á staðnum eður ei. (Stjórnumerkingin er eingöngu til að vekja athygli á því að ekki sé hægt að velja þessar tvær breytur samtímis en þýðir ekki að skylda sé að velja annan hvorn möguleikann.)“

Hér sést hvernig skýrslan lítur út:

| Sjúkraskrákerfið SAGA | | Viðskiptayfirlit | | | | 7.2.2020 10.03.07 | |
|---|-------------|------------------|-----------------------------|------------------|--------------|----------------------|------------------------------------|
| Komur á tímabili: 01.01.2019 - 07.02.2020 <u>Jóna Jónsdóttir, kt. 010170-5599</u> | | | | | | | |
| Saga skema - TMS | | | | | | | |
| Komudagur | Kennitala | Nafn | Heimili | Upphæð | Reikningsnr. | Uppgjör nr. | Skuldfærsluáðili / skuldfært vegna |
| <u>Q prufudeild</u> | | | | | | | |
| <u>Greitt</u> | | | | | | | |
| 13.02.2019 | 010170-5599 | Jóna Jónsdóttir | Borgartún 37, 105 Reykjavík | 0 kr. | S38220 | 3340 | |
| 11.03.2019 | 010170-5599 | Jóna Jónsdóttir | Borgartún 37, 105 Reykjavík | 0 kr. | S38283 | 3344 | |
| Greitt - alls : | | | | 0 kr. | | | |
| <u>Útstandandi</u> | | | | | | | |
| 13.02.2019 | 010170-5599 | Jóna Jónsdóttir | Borgartún 37, 105 Reykjavík | 1.200 kr. | R3151 | 3341 | |
| 13.02.2019 | 010170-5599 | Jóna Jónsdóttir | Borgartún 37, 105 Reykjavík | 1.200 kr. | R3152 | 3342 | |
| 13.02.2019 | 010170-5599 | Jóna Jónsdóttir | Borgartún 37, 105 Reykjavík | 1.200 kr. | R3153 | 3343 | |
| Útstandandi - alls : | | | | 3.600 kr. | | | |
| Alls á afgreiðsludeild : | | | | 3.600 kr. | | | |
| Alls : | | | | 3.600 kr. | | | |

Með kveðju,

Origo Heilbrigðislausnir